

Sunnulækjarskóli



Sjálfsmatsskýrsla

2018 - 2019

Unnur Ingadóttir

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	2
1. Inngangur.....	4
2. Lýsing á Sunnulækjarskóla.....	5
3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla.....	8
3.1 Ytri rammi og innri viðmið.....	8
3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla.....	8
3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla.....	9
3.4 Matsspurningar.....	10
4. Niðurstöður.....	11
4.1. Stefna og stjórnun.....	11
Stjórnun.....	11
Stefna og stjórnun – samantekt.....	13
4.2. Nám og kennsla.....	14
Kennsla og kennsluhættir.....	14
Námsmat.....	17
Heimanám.....	21
Aðstaða nemenda og námsumhverfi.....	23
Námsárangur – samræmd pró.....	24
Nám og kennsla – samantekt.....	28
4.3. Líðan nemenda.....	30
Einelti.....	34
Heilsa nemenda.....	36
Skóla- og bekkjarandi.....	37
Agi.....	40
Virk þátttaka nemenda í tímum.....	41
Líðan nemenda – samantekt.....	42
4.4. Starfsánægja starfsmanna.....	43
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiþjónustu.....	43
Ábyrgð og áskoranir í starfi.....	44
Samvinna og teymisvinna.....	45
Starfsaðstæður.....	47
Starfsþróun.....	49

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar	52
4.5. Samvinna heimila og skóla	56
Upplýsingagjöf	56
Samvinna og samskipti við starfsmenn	57
Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið	58
Heimastuðningur	60
Þjónusta við nemendur og foreldra	62
Samvinna heimila og skóla – samantekt	64
4.6. Listi yfir helstu niðurstöður	65
Mesti munur úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins	65
Forgangsverkefni skólaársins 2019 - 2020	67
Forgangsverkefni fyrir skólaárið 2019 – 2020	67
5. Umræða	68
6. Lokaorð	70

1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hverjar niðurstöður matsins eru, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áhersluþætti fyrir sig. Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar; helstu styrkleika skólastarfsins, áberandi breytingar á milli skólaára, helstu veikleika eða sóknarfæri og hvaða þróunarverkefni skólinn ætti að hafa í forgangi á næsta skólaári/skólaárum til að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir í flestum tilvikum aðeins grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðin þrjú skólaár. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum sem eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla <http://www.sunnulaekjarskoli.is/>.

2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004. Við hönnun skólans var farin sérstök leið sem byggist á samráði margra og þátttöku fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins. Áhersla var lögð á að horfa fram á veg og ígrunda hvaða þörfum grunnskóli í nútímasamfélagi beri að sinna.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum svæðum og svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Skólastarfið byggist á þremur grunnstoðum, einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Í byrjun voru 130 nemendur í fjórum árgöngum við skólann. Á hverju ári bættist einn árgangur við skólann sem óx hratt. Haustið 2010 var Sunnulækjarskóli orðinn fullvaxinn 10 árganga grunnskóli. Með auknum íbúafjölda á upptökusvæði skólans hefur skólinn haldið áfram að vaxa og skólaárið 2018 – 2019 voru 720 nemendur við skólann. Fyrirsjáanlegt er að enn muni nemendum við skólann fjölga og búist er við um 730 nemendum á næsta skólaári.

Við mótun skólastarfsins er leitast við að hafa sem mest samráð við nemendur, foreldra og starfsfólk. Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar er ein af þeim leiðum sem valin hefur verið til að skapa jákvætt og þroskandi skólaumhverfi. Grunnur hennar er góður skilningur á samskiptum og mikilvægi þeirra í farsælu skólastarfi. Þannig er áherslan á þarfir einstaklingsins og mikilvægi þess að æfa sig í góðum samskiptum höfð í fyrirrúmi. Þá hefur teymisvinna starfsmanna verið lykilþáttur í skólastarfinu og verið skólanum mikil lyftistöng við mótun starfshátta.

Sunnulækjarskóli hefur gefið út sjálfsmatsskýrslu á hverju ári frá 2009 og eru þær aðgengilegar á vefsvæði skólans. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á umfangsmikilli gagnasöfnun, bæði niðurstöðum námsmats, viðhorfakannana meðal foreldra og starfsmanna og auk þess eru gerðar nemendakannanir fimm sinnum á ári þar sem spurt er um líðan, einelti, áhuga, áræði, samvinnu við kennara o.fl.

Veturinn 2018 – 2019 var Sunnulækjarskóla skipt í yngri-, mið- og unglíngadeild sem hverri um sig er stýrt af deildarstjóra.

Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólar, lengd viðvera, er rekin við skólann og er henni stýrt af forstöðumanni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Ýmsar frekari upplýsingar má finna á vefsvæði skólans. Veffangið er:
<http://www.sunnulaekjarskoli.is>.

Stefna og markmið

Stefna skólans birtist meðal annars í Grundvelli Sunnulækjarskóla sem er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans.

Grundvöllur Sunnulækjarskóla

Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áráði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

Skólastefna

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

Skólabragur

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu og frelsi**.

Kennarateymi

Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

Hlutverk umsjónarkennara

Kennarar í kennarateyllum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónakennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

Hlutverk deildarstjóra

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.

3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

3.1 Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
2. *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
3. *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
4. *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

- *Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.*
- *Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.*
- *Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara.*
- *Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.*
- *Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.*

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum ákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005 lagði Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands ásamt starfshópi innan skólans, mat á hvernig skólanum gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum um sveigjanlega kennsluhætti og

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni „*Hér eru allir að hjálpa öllum*“. (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólastarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólastarfi og velja þá sem hópnun fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólastarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri.

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi. Vorið 2011 gerði menntamálaráðuneytið aftur úttekt á starfsemi skólans og niðurstöður ráðuneytisins liggja nú fyrir þar sem gerð er grein fyrir helstu styrkleikum skólastarfsins og einnig eru gerðar tillögur til úrbóta.

Frá haustinu 2008 hafði Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla umsjón með sjálfsmatinu. Unnur Ingadóttir, sérkennari við Sunnulækjarskóla tók við af Guðbjörgu haustið 2017.

3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla

Við innra mat á skólastarfinu hafa ýmis gögn verið lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda, t.d. í samræmdum prófum. Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess ásamt þróunaráætlun er samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

Ytri kannanir

- 2016 – 2019 Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.
- 2015 – 2019 Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn.
- 2014 – 2018 Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn.

Próf og mat á árangri nemenda

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2018 - 2019.

Innri viðmið

Áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla unnin samkvæmt bókun 1 í síðasta kjarasamningi kennara.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Verkætlan og tímasetningar

Allur veturinn	Viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk - Skólapúlsinn
September	Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk
Mars	Samræmd könnunarpróf í 9. bekk.
Mars, annað hvert ár	Viðhorfakönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn
Apríl, annað hvert ár	Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – Skólapúlsinn
Apríl - júní	Skýrsla samin

3.4 Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólastefnu Sunnulækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.


4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2014 - 2019.
- Áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla unnin samkvæmt bókun 1 í síðasta kjarasamningi kennara.


Stjórnun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2019 kemur fram að starfsmenn skólans eru marktækt óánægðari með stjórnun skólans en samanburðarhópurinn.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans marktækt meiri en ánægja foreldra á landinu öllu.



Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2017 kemur fram að þeir telja að góð stjórnun sé ein af sterkari stöðum skólans. Þar er sérstaklega nefnt að stjórnendur séu sveigjanlegir og ánægja er með deildarstjóra á eldra stigi.

Hins vegar kemur þar einnig fram að stjórnun þurfi að bæta. Þátttaka stjórnenda í daglegu starfi skólans sé ekki nægilega mikil, fagleg forysta þurfi að vera markvissari og upplýsingaflæði þurfi að auka.

Í áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla er áherslu lögð á að styrkja þurfi stjórnun skólans vegna fjölda stjórnunartengdra verkefna, nemenda og tæknimála og unnið verði að því að fjölga stjórnendum. Þá sé nauðsynlegt að auka upplýsingaflæði innan skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Stefna og stjórnun – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Stjórnun		
• Stjórnendur sveigjanlegir#		<ul style="list-style-type: none">• Þátttaka stjórnenda í daglegu starfi skólans#• Upplýsingaflæði#

*Marktækur munur #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.2. Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, árin 2015 – 2018.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2016 – 2019.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2015 – 2019.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk, árin 2018 – 2019.
- Áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla unnin samkvæmt bókun 1 í síðasta kjarasamningi kennara.


Kennsla og kennsluhættir

Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er sjaldnar kennt í einu í Sunnulækjarskóla en almennt gerist og er munurinn marktækur. Hópavinna er minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu. Einstaklingsvinna í bekk þar sem nemendur vinna sjálfstætt er svipað og gerist á landinu. Einstaklingsmiðuð kennsla er algengari í Sunnulækjarskóla en að meðaltali á landinu öllu en þar kemur marktækur munur fram milli skóla og lands.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali.




Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru ánægðari með þyngd námsefnisins en almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna hefur minnkað meira í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.



Námsmat

Áhersla kennara í Sunnulækjarskóla á námsmat með hefðbundnum prófum er minni en kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vegar er áhersla þeirra meiri á námsmat með öðru en hefðbundnum prófum, t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum.




Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu

Skólapúlsinn mælir virkni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.


Ánægja af lestri mælist minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.




Þrautseigja í námi mælist marktækt minni en á landsvísu.




Áhugi á stærðfræði mælist marktækt minni í skólanum en á landinu öllu að meðaltali.




Ánægja af náttúrufræði mælist aðeins meiri í skólanum en á landinu öllu að meðaltali.



Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er aðeins minni en á landinu öllu að meðaltali og telst munurinn ekki marktækur.



Trú nemenda á eigin námsgetu mælist svipuð almennt gerist á landinu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Virgni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir m.a. að ánægja af lestri, áhugi á stærðfræði og þreutseigja í námi er marktækt minni en á landinu öllu að meðaltali.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

	Allir	Strakar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Ánægja af lestri	0,2*	0,1	0,4		0,6	0,5	0,6	
Þreutseigja í námi	0,3*		0,6	0,7	0,4			
Áhugi á stærðfræði	0,2*		0,4			0,9		0,4
Ánægja af náttúrufræði	0,1			0,4	0,3		0,4	0,4
Trú á eigin vinnubrögð í námi	0,1					0,4		0,4
Trú á eigin námsgetu	0,2				0,5	0,3		

*Marktækur munur


Heimanám

Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem finnst heimavinna barnsins hæfileg er lægra en hlutfall foreldra almennt á landinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Sá tími sem kennarar Sunnulækjarskóla ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku er marktækt lægri en almennt gerist á landinu, einkum á yngsta- og unglíngastigi.




Í Skólapúlsinum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnuna á réttum tíma, hvort kennararnir fari yfir heimvinnuna, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaekinn. Svör nemenda skólans eru svipuð og nemenda á landinu almennt.



Aðstaða nemenda og námsumhverfi


Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er jafn ánægju foreldra á landinu að meðaltali. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómstundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.




Námsárangur – samræmd próf

Námsárangur nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 9. bekk og landinu í heild sinni eru birt í raðeinkunnum fyrir skólaárið 2018 – 2019. Hér eru þau sýnd í eftirfarandi töflum:


Útkoma í stærðfræði í 4. bekk




Útkoma í íslensku í 4. bekk er sú sama og á Suðurlandi en aðeins undir landsmeðaltali.



Útkoma í stærðfræði í 7. bekk




Útkoman í íslensku í 7. bekk




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Samræmd próf voru lögð fyrir 9. bekk í fyrsta sinn vorið 2017.


Árangur í stærðfræði í 10 bekk



Árangur í íslensku í 9. bekk



Niðurstaða samræmdra prófa í ensku í 9. bekk



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Nám og kennsla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Kennsla og kennsluhættir		
<ul style="list-style-type: none"> • Öllum bekknum sjaldan kennt í einu* • Einstaklingsvinna í bekk* • Hópvinna í bekk* • Einstaklingsmiðuð kennsla* • Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með þyngd námsefnis • Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda 	
Stoðkerfi		
<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með sérkennslu • Tíðni sérkennslu • Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun • Hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar • Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu • Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu 	
Námsmat		
<ul style="list-style-type: none"> • Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra* 	<ul style="list-style-type: none"> • Hæfileg áhersla á hefðbundið námsmat með prófum að mati foreldra 	
Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu		
<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af náttúrufræði í 8. bekk • Trú á eigin vinnubrögð í námi í 8. bekk* 	<ul style="list-style-type: none"> • Þrautseigja í námi • Trú nemenda á eigin námsgetu 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af lestri* • Áhugi á stærðfræði* • Ánægja af náttúrufræði* • Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi* <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Ánægja heildar af lestri* • Ánægja stráka af lestri* • Ánægja af lestri í 6. og 10. bekk* • Þrautseigja stelpna í námi* • Þrautseigja í námi í 6. og 7. bekk* • Áhugi á stærðfræði* • Ánægja heildar af náttúrufræði* • Ánægja af náttúrufræði í 6., 9. og 10. bekk*

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

		<ul style="list-style-type: none"> • Trú heildar á eigin vinnubrögð í námi* • Trú stráka á eigin vinnubrögð í námi* • Trú á eigin vinnubrögð í námi í 6. bekk*
Heimanám		
<ul style="list-style-type: none"> • Hæfileg heimavinna að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi heimavinnu í náminu að mati nemenda 	
Aðstaða nemenda og námsumhverfi		
	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum 	
Námsárangur		
<u>Miðað við Suðurland</u> <ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 7. bekk • Íslenska í 7. bekk 	<u>Miðað við Suðurland</u> <ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 4. bekk • Íslenska í 4. bekk • Enska í 10. bekk 	<u>Miðað við Suðurland</u> <ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 9. bekk • Íslenska í 9. bekk • Enska í 9. bekk • Stærðfræði í 10. bekk • Íslenska í 10. bekk


* Marktækur munur #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna

4.3. Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:


- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2014 - 2018.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2016 – 2019.

Líðan nemenda í kennslustundum er góð og svipuð því sem gerist á landinu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019


Hins vegar er líðan nemenda í frímínútum betri að mati foreldra heldur en gerist á landinu að meðaltali.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Í Skólapúlsinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan og heilsu nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði.

Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að sjálfsálit mælist aðeins meira en hjá samanburðarhópnum.




Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi er einnig svipuð og trú nemenda á landsvísu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Velliðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að sjálfsálit nemenda í 9. og 10. bekk er meira en á landinu öllu að meðaltali.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Sjálfsálit	0,2	0,2			0,4	0,4	0,7	0,8
Stjórn á eigin lífi	0,1			0,3				
Velliðan	0,1	0,3		0,8		0,3	0,7	0,5


*Marktækur munur

Einelti

Umfang eineltis hefur minnkað í Sunnulækjarskóla að mati foreldra frá fyrra ári og er nú svipað og gerist á landinu að meðaltali.




Foreldrar í skólanum eru ánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum og eineltisáætlun skólans.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Tíðni eineltis er svipuð í skólanum og á landsvísu að mati nemenda.



Einelti – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að einelti meðal nemenda í 8. bekk er meira en á landinu að meðaltali.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eda marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eda marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.


	Allir	Strákarnir	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Einelti				0,6		0,5		0,3

*Marktækur munur


Heilsa nemenda

Tvær mælingar eru gerðar í Skólapúlsinum sem varða heilsu nemenda. Annars vegar vegar er spurt um hreyfingu og hins vegar um mataræði.

Marktækur munur er hvað nemendur í Sunnulækjarskóla hreyfa sig meira en nemendur almennt á landinu.




Enginn munur kemur fram á nemendum í Sunnulækjarskóla og nemendum almennt á landinu varðandi mataræði.



Skóla- og bekkjarandi


Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er svipuð og ánægja foreldra í öðrum skólum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019


Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmana.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir. Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað og jafnaldra þeirra á landinu að meðaltali.



Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja og árganga


Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að nemendur í 8. bekk samsama sig minna við nemendahópinn en samanburðarhópurinn. Nemendur í Sunnulækjarskóla eiga í heldur betra sambandi við kennara sína en almennt gerist nema nemendur í 9. bekk.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.


	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Samsömun við nemendahópinn				0,3	0,4	0,4	0,5	0,5
Samband nemenda við kennara	0,2				0,4		0,4	0,4

Agi

Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem telja aga í skólanum hæfilegan er marktækt meiri en foreldra almennt á landinu.



Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum svipaður í Sunnulækjarskóla og í öðrum skólum að meðaltali.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Agi í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldra þeirra á landsvísi sýnir að nemendur í 7. bekk eru ánægðari með aga í tímum en samanburðarhópurinn en nemendur í 8. bekk eru óánægðari.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Agi í tímum					0,5	0,8	0,3	0,3

Virk þátttaka nemenda í tímum

Í Skólapúlsinum er einnig mæld virk þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Virk þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum er sú sama og á síðasta ári en hafði þá minnkað milli ára og er lægri en hjá samanburðarhópnum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Virk þátttaka í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2018 – 2019 og jafnaldrar þeirra á landsvísu sýnir að virk þátttaka í tímum er meiri í 10. bekk en minni í 6., 7. og 8. bekk en hjá samanburðarhópunum.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

	Allir	Strakar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Virk þátttaka í tímum	0,2*			0,5	0,4	0,3		0,5

Líðan nemenda – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Líðan nemenda í skólanum		
<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra* Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra* Eineltisáætlun skólans að mati foreldra Úrvinnsla skólans í eineltismálum að mati foreldra* Hraði á úrvinnslu eineltismála að mati foreldra <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfsálit nemenda í 8. og 10. bekk* 	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfsálit nemenda Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi Vellíðan nemenda að eigin álit Umfang eineltis að mati foreldra Tíðni eineltis að mati nemenda 	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra* <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Einelti í 10. bekk*
Heilsa nemenda		
	<ul style="list-style-type: none"> Mataræði nemenda Hreyfing nemenda 	
Skóla- og bekkjarandi – agi – virk þátttaka í tímum		
<ul style="list-style-type: none"> Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra* Samband nemenda við kennara* <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn í 8. bekk Agi í tímum í 8. bekk* Virk þátttaka nemenda í tímum í 8. bekk* 	<ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn Agi í skólanum hæfilegur að mati foreldra Agi í tímum að mati nemenda Virk þátttaka nemenda í tímum 	<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn í 9. bekk* Agi í tímum í 6. og 10. bekk* Virk þátttaka nemenda í tímum í 10. bekk

* Marktækur munur #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.4. Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2015 – 2019.
- Áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla unnin samkvæmt bókun 1 í síðasta kjarasamningi kennara.

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðipjónustu


Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2019 kemur fram að ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er marktækt minni en ánægja starfsmanna í öðrum skólum.



Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna skólans vorið 2017 kemur fram að starfsfólk telur að upplýsingaflæði þurfi að auka.


Í áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla er áhersla lögð á að auka upplýsingaflæði innan skólans.

Stuðningur við kennara skólans vegna nemenda með námserfiðleika og stuðningur vegna nemenda með hegðunarerfiðleika er sá sami og almennt gerist á landinu. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara mælist marktækt minni en hjá samanburðarhópnum.




Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólápúlsinum er lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum svipuð og almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur en þar liggja að baki svör starfsmanna um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla af reynslu.




Samvinna og teymisvinna

Í könnun Skólapúlsins er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 79% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 74% kennara í öðrum skólum.




Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt sem varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans marktækt meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019


Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum koma kennarar skólans svipað út og kennarar á landinu öllu.




Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2017 kemur fram að samvinna kennara og teymisvinna er sá þáttur í starfinu sem kennarar eru einna ánægðastir með.

Starfsaðstæður

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2019 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna að starfsmenn skólans eru marktækt óánægðari með þessa þætti en starfsmann í öðrum skólum að meðaltali.



Þá eru kennarar spurðir um vinnuaðstæður sínar og aðgengi að búnaði og kennslufni. Kennarar í Sunnulækjarskóla eru óánægðari með vinnuaðstæður sínar en kennarar í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Styrk- og veikleikagreining starfsmanna skólans vorið 2017 sýnir einnig að starfsfólk er óánægt með vinnuaðstæður sínar, m.a. ýmislegt varðandi tæknimál.


Í áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla er áherslu lögð á að auka tækjakost og hefur þegar verið brugðist við með kaupum á 40 fartölvum og 5 skjávörpum.

Starfsbróun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar beðnir um að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga meiri en trú kennara annars staðar á landinu.




Þá eru kennarar spurðir hvort þeir fái mat og endurgjöf árlega eða oft, frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Umfang mats og endurgjafar mælist minna í skólanum en almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Þá kemur fram að marktækt færri kennarar í skólanum telja að þeir fái hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum en kennarar almennt á landinu. Sanngirni mats og endurgjafar og gagnsemi þess mælist minni og annars staðar á landinu en munur á þeim þáttum telst ekki marktækur.




Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum, eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, aðalnámshæfni þeirra, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmenningsumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarfi. Kennarar skólans telja þörf sína fyrir símenntun vera svipaða og almennt gerist á landinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Hins vegar sýna niðurstöður að kennarar skólans eru neikvæðari gagnvart því að taka þátt í meiri símenntun undanfarna 18 mánuði en kennarar annars staðar á landinu. Árið 2019 var spurt um símenntun undanfarna 12 mánuði.




Þá kemur fram að kennarar hafa aukið við símenntun milli kannana en er aðeins lægri en landið í heild.




Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kannar ýmsa þætti sem snerta starfsánægju, m.a. tilgang starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsji sér að vera áfram í starfinu. Viðhorf starfsmanna skólans eru marktækt minni en viðhorf starfsmanna í öðrum skólum.




Starfsandinn innan skólans; samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða er marktækt minni en almennt gerist.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2017 kemur hins vegar fram að starfsandi á vinnustað er sá þáttur sem starfsmenn eru hvað ánægðastir með.

Ánægja með kennarastarfið er aðeins minna meðal kennara skólans en meðal kennara í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Starfsánægja starfsmanna – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð		
	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika • Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika 	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingastreymi*# • Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara*
Ábyrgð og áskoranir í starfi		
	<ul style="list-style-type: none"> • Valddreifing við ákvarðanatöku • Virk samvinna um skólaþróun og umbætur 	
Samvinna og teymisvinna		
<ul style="list-style-type: none"> • Undirbúningur kennslu í skólanum • Samráð kennara um kennsluna (<i>val á kennslugögnum, samnýting kennsluefnis, teymisfundir, matsaðferðir og námsframvinda nemenda</i>)* • Ánægja kennara með samvinnu og teymisvinnu# 	<ul style="list-style-type: none"> • Samvinna kennara um kennsluna (<i>tenging námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra</i>) 	
Starfsaðstæður		
	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsumhverfi í skólanum, (<i>aðstaða, sveigjanleiki og álag í starfi</i>) 	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnuaðstæður kennara og aðgengi að búnaði og kennsluefni* • Skortur á tölum og tæknibúnaði að mati starfsmanna#
Starfsþróun		
<ul style="list-style-type: none"> • Trú kennara á eigin getu* 	<ul style="list-style-type: none"> • Símenntunarpörf kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • Umfang mats og endurgjafar á störfum kennara • Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum* • Sanngirni mats og endurgjafar • Gagnsemi mats og endurgjafar • Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði • Meðalfjöldi daga í símenntun

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar		
• Starfsandi á vinnustað#	<ul style="list-style-type: none">• Starfsánægja, (<i>tilgangur starfs, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi</i>)• Starfsandi, (<i>samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða</i>)• Ánægja kennara með kennarastarfið	

* Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.5. Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2014 - 2018.


Upplýsingagjöf

Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins eru foreldrar í skólanum marktækt óánægðari með heimasíðu skólans en foreldrar á landsvísu.




Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins er frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi örlítið meira en í öðrum skólum að meðaltali.




Ánægja foreldra með foreldraviðtölin er svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu í heild.




Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið

Áhrif foreldra á ákvarðanir sem varða nemendur er svipað í Sunnulækjarskóla og almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftari tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu, t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsrángur eru marktækt færri en í öðrum skólum að meðaltali. Hins vegar virðist foreldrum barna í skólanum þykja þátttaka í gerð námsáætlana jafn mikilvæg og foreldrum þykir almennt.




Heimastuðningur

Sá tími sem foreldrar nemenda í skólanum verja til að aðstoða þá við heimanám er minni en í skólum á landinu að meðaltali.




Mæling á virgni foreldra í námi barna sinna sýnir að virkni foreldra barna í skólanum er svipuð og foreldra almennt að meðaltali.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið og vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra sinna er svipuð og annars staðar á landinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru minni en væntingar foreldra annars staðar á landinu. Um 68% foreldra barna í Sunnulækjarskóla hafa væntingar um að barnið ljúki háskólanámi á móti 75% foreldra á landinu öllu að meðaltali.




Þjónusta við nemendur og foreldra

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili er svipuð og almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Hlutfall foreldra sem nýta sér tómstundþjónustuna í Sunnulækjarskóla sú sama og á landinu að meðaltali.



Notkun á mötuneyti í Sunnulækjarskóla er meiri en almennt gerist á landinu að meðaltali.

Ánægja foreldra með máltíðirnar eru marktækt minni en almennt gerist á landinu að meðaltali.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Samvinna heimila og skóla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Upplýsingagjöf		
<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með heimasíðu skólans* 		
Samvinna og samskipti við starfsmenn		
	<ul style="list-style-type: none"> • Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi að mati foreldra • Ánægja foreldra með foreldraviðtöl 	
Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið		
<ul style="list-style-type: none"> • Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur* 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana*
Heimastuðningur		
	<ul style="list-style-type: none"> • Virkni foreldra í námi barna sinna • Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið • Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu 	<ul style="list-style-type: none"> • Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám • Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns
Þjónusta		
<ul style="list-style-type: none"> • Notkun á mötuneyti * • Ánægja með máltíðir í mötuneyti * 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu / frístundaheimili 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall nemenda í tómsunda/frístundaheimili

* Marktækur munur

4.6. Listi yfir helstu niðurstöður

Mesti munur úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins

(marktækur munur er merktur með *)- [Ath. foreldrakönnunin er frá árinu 2018](#)

Jákvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Starfsmenn	Undirbúningur kennslu í skólanum	7,9	7,3	0,6
Foreldrar	Foreldrar í samstarfi um einstaklingsáætlun í sérkennslu	9,1	6,6	2,5
Starfsmenn	Öllum bekknum ekki kennt í einu	2,7	4,6	1,9*
Foreldrar	Ánægja með úrvinnslu skólans í eineltismálum	7,8	5,9	1,9*
Foreldrar	Ánægja með máltíðir í mötuneyti	9,2	7,5	1,7*
Foreldrar	Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	7,0	5,5	1,5*
Starfsmenn	Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	8,9	7,5	1,4*
Foreldrar	Hlutfall nem. í sérk. sem hafa einstaklingsáætlun	4,4	3,0	1,4
Foreldrar	Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf	8,9	7,6	1,3*
Foreldrar	Tíðni sérkennslu/stuðnings	8,9	7,6	1,3
Foreldrar	Ánægja með hraða á úrvinnslu á eineltismálum	6,8	5,4	1,2
Foreldrar	Notkun á mötuneyti	9,8	8,7	1,1*
Foreldrar	Ánægja með sérkennslu/stuðning í skólanum	10,0	8,9	1,1
Starfsmenn	Samráð um kennslu	6,5	5,0	1,5*
Starfsmenn	Trú kennara á eigin getu	5,0	4,7	0,3
Foreldrar	Ánægja með stjórnun skólans	9,6	8,9	0,7*
Foreldrar	Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	9,8	9,1	0,7*
Foreldrar	Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra	9,8	9,1	0,7*
Foreldrar	Ánægja með heimasíðu skólans	8,5	7,8	0,7*
Foreldrar	Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	7,8	7,1	0,7
Foreldrar	Meðaltímabil eineltis	0,9	1,5	0,6
Foreldrar	Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár	5,5	5,0	0,5*
Foreldrar	Ánægja með nám og kennslu í skólanum	5,5	5,1	0,4*
Foreldrar	Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur	5,1	4,7	0,4*

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Neikvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Starfsmenn	Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum	2,1	5,3	-3,2*
Starfsmenn	Upplýsingastreymi innan skólans	3,4	4,6	-1,2*
Starfsmenn	Umfang mats og endurgjafar	6,1	6,6	-0,5
Foreldrar	Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemenda	4,7	5,4	-0,7*
Foreldrar	Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	6,8	7,5	-0,7
Starfsmenn	Gagnsemi mats og endurgjafar	8,2	8,9	-0,7
Starfsmenn	Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	3,6	5,0	-1,4*
Foreldrar	Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	5,0	5,6	-0,6
Starfsmenn	Vinnuaðstæður kennara	4,5	5,1	-0,6*
Foreldrar	Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra	8,3	8,8	-0,5*
Starfsmenn	Stjórnun skólans	3,7	5,0	-1,3*
Nemendur	Ánægja af lestri	4,5	4,9	-0,4*
Nemendur	Áhugi á stærðfræði	4,9	5,2	-0,3*
Nemendur	Ánægja af náttúrufræði	4,7	5,0	-0,3*
Nemendur	Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,8	5,1	-0,3*
Starfsmenn	Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	11	15,3	-4,3*

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2018 - 2019

Forgangsverkefni skólaársins 2019 - 2020

Samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu eru nokkrir þættir skólastarfsins sem þarf að bæta til að Sunnulækjarskóli verði enn betri skóli í framtíðinni en hann er nú. Erfitt er að leggja mat á mikilvægi þáttanna innbyrðis og er það ekki gert hér. Þeir eru hins vegar taldir upp í stafrófsröð hér að neðan:

Forgangsverkefni fyrir skólaárið 2019 – 2020

Samkvæmt niðurstöðum innra matsins og áætlun um umbætur samkvæmt bókun 1

1. Agamál	<ul style="list-style-type: none">• Skýrar reglur og sýnilegar• Samræma reglur milli stiga• Gæta að góðri kynningu og eftirfylgni
2. Auka námsárangur nemenda	<ul style="list-style-type: none">• Lestur• Stærðfræði• Náttúrufræði• Efla trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi
3. Stjórnun	<ul style="list-style-type: none">• Fjölga stjórnendum (bókun 1)• Auka mat og endurgjöf til starfsmanna• Auka faglegan stuðning við kennara• Auka tengsl við daglegt starf nemenda og kennara
4. Tækjakostur	<ul style="list-style-type: none">• Fjölga tölum og skjávörpum (bókun 1)
5. Upplýsingastreymi	<ul style="list-style-type: none">• Meira upplýsingaflæði innan skólans (bókun 1)• Deildarstjórar fylgi vel eftir verklagi og verkferlum og veiti stuðning (bókun 1)
6. Vinnuaðstæður	<ul style="list-style-type: none">• Bæta búnað og vinnuaðstöðu á kennarastofu (bókun 1)• Huga að hljóðvist á ákveðnum kennslusvæðum (bókun 1)

5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Mikil ánægja er með stjórnun og stjórnendur skólans meðal foreldra. Starfsmenn eru einnig almennt ánægðir stjórnun skólans, einkum sveigjanleika stjórnenda og það traust sem þeir sýna starfsmönnum. Starfsmenn óska þó eftir auknu upplýsingaflæði, meiri þátttöku stjórnenda í daglegum störfum nemenda og starfsmanna og bættu skipulagi á ýmsum þáttum skólastarfsins.

2. Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?

Í Sunnulækjarskóla er hlutfallslega lítið um hefðbundna kennslu þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Einstaklingsmiðuð kennsla og fjölbreyttir kennsluhættir eru áberandi einkenni á skólanum. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er mjög jákvætt. Þeir telja að skólinn mæti þörfum nemendanna og að námsefnið sé hæfilega þungt.

Foreldrar eru ánægðir með sérkennsluna í skólanum. Breytingar hafa verið gerðar á sérkennslu á unglingsstigi með tilkomu Eyjunnar og eru þær úrbætur vel heppnaðar.

Foreldrar eru ánægðir námsmatið í skólanum, einkum þá áherslu sem lögð er á annað námsmat en hefðbundin próf.

Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu eru marktækt minni en almennt gerist hvað varðar ánægju af lestri, áhuga á stærðfræði, ánægju af náttúrufræði og trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi en almennt gerist. Þrautseigja nemenda í námi hefur hins vegar heldur aukist milli ára.

Heimavinna nemenda er hæfileg að mati foreldra og að mati nemenda er mikilvægi hennar svipuð og á landinu almennt.

Ánægja foreldra með aðstöðu og námsumhverfi nemenda er svipuð og almennt gerist á landinu. Starfsmenn hafa fram að þessu talið að slakur tæknibúnaður háí starfinu en úrbætur hafa verið gerðar á þessu skólaári með kaupum á fartölvum og skjávörpum. Þá hafa verið gerðar breytingar á bókasafni skólans í takt við óskir starfsmanna.

Námsárangur í samræmdum prófum skólaárið 2016 – 2017 var góður í 7. bekk, yfir Suðurlands- og landsmeðaltali í báðum fögum. Árangurinn í 4. bekk var sambærilegur árangri á Suðurlandi. Hins vegar var námsárangurinn lakari en Suðurlands- og landsmeðaltal hjá nemendum í 9. og 10. bekk.

3. Líður nemendum vel í skólanum?

Nemendum líður almennt vel í skólanum að mati foreldra, nemenda og starfsmanna. Sjálfsáliti nemenda, trú þeirra á að þeir hafi stjórn á eigin lífi og vellíðan mælist mjög svipuð í skólanum og almennt gerist á landinu.

Umfang og tíðni eineltis í skólanum hefur minnkað milli ára og er nú svipuð og á landinu í heild að mati foreldra og nemenda. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu í eineltismálum mikil.

Mataræði og hreyfing nemenda í skólanum er svipuð og almennt gerist á landinu.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Samskipti starfsfólks við nemendur og samband nemenda við kennara er betri en almennt gerist. Samsömun við nemendahópinn, agi og virk þátttaka nemenda í tímum mælast svipuð og gerist annars staðar á landinu.

Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?

Upplýsingastreymi er ekki eins gott og verið hefur að mati starfsmanna skólans.

Stuðningur við kennara vegna náms- og hegðunarerfiðleika nemenda er svipaður og gerist í öðrum skólum en faglegur stuðningur skólustjóra við kennara er minni.

Valldreifing og virk samvinna um skólaþróun og umbætur er í jafnvægi miðað við aðra skóla.

Samráð, samvinna og teymisvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu og starfsmenn eru almennt mjög ánægðir með teymis- og samvinnuna í skólanum.

Starfsmenn skólans eru margir óánægðir með starfsaðstæður sínar á vinnustaðnum en sú óánægja hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Í þessu sambandi benda starfsmenn skólans einkum á þrengsli, aðstöðuleysi og skort á tæknibúnaði.

Kennarar hafa mikla trú á eigin getu en óska jafnframt eftir meira mati og endurgjöf frá stjórnendum.

Starfsánægja og góður starfsandi á vinnustað hafa verið meðal sterkustu þáttanna í starfsemi skólans á undanförunum árum og eru enn.

4. Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

Almennt eru foreldrar mjög ánægðir með samstarfið við skólann og þá þjónustu sem hann veitir börnum þeirra.

Upplýsingamiðlun til foreldra er góð og þeir eru ánægðir með heimasíðu skólans.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er mikil í skólanum og marktækt meiri en almennt gerist. Viðhorf foreldra til mikilvægis þátttöku þeirra í gerð námsáætlana er svipuð og á landinu en þátttaka þeirra í gerð námsáætlana er marktækt minni en á landinu að meðaltali.

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu er svipuð og á landinu öllu. Hins vegar er sá tími sem foreldrar verja við að aðstoða börn sín við heimanám minni en almennt gerist á landinu og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna minni en almennt gerist á landinu.

Fjöldi foreldra sem kaupa mat í mótuneyti skólans og ánægja þeirra með máltíðirnar er marktækt meiri í skólanum en annars staðar á landinu að meðaltali. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu eða frístundaheimili er svipuð og almennt gerist en hlutfall barna sem nota þjónustuna er minna en annars staðar.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra kannana sem gerðar voru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna á skólaárinu ásamt samanburði við niðurstöður fyrri ára.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að meðal sterkustu stöða Sunnulækjarskóla séu samráð og teymisvinna kennara, fjölbreyttir kennsluhættir, góður starfsandi, jákvætt viðhorf foreldra, jákvæðir og sveigjanlegir stjórnendur og gott mötuneyti.

Helstu veikleikar skólans samkvæmt þessari skýrslu eru hins vegar slakur námsárangur í samræmdum prófum, virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu, lítill heimastuðningur og þættir sem lúta að stjórnun skólans, m.a. upplýsingastreymi, mat og endurgjöf til starfsmanna og vinnuaðstæður kennara. Með þessa þætti er nauðsynlegt að vinna á komandi skólaárum.

Sunnulækjarskóli hefur stækkað mjög hratt á rúmum áratug. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Skólabragurinn hefur einkennst frá upphafi af miklum faglegum metnaði, jákvæðu viðhorfi til nemenda og mikilli samvinnu og teymisvinnu. Þessar þrjár mikilvægu stöðir sem einkenna skólamenningu Sunnulækjarskóla tryggja að jákvæð og uppbyggileg þróun á skólastarfinu mun halda áfram til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.